

27. september 1993

755

Nr. 403

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga
nr. 390/1991 með síðari breytingum.**

1. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Árið 1993 komi í stað orðsins „aðstöðugjalda“ í 1. málsl. 13. gr. eftirfarandi: Sérstakt framlag úr ríkissjóði, sem er fjárhæð er svarar til 80% af álögðu aðstöðugjaldi gjaldárið 1993, sem hefði fallið til hvers sveitarfélags, ef ekki hefði komið til niðurfellingar gjaldsins, sbr. ákvæði I til bráðabirgða í lögum nr. 113/1992 um breyting á lögum nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 44. gr. laga nr. 90 13. ágúst 1990 um tekjustofna sveitarfélaga með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 27. september 1993.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

10. september 1993

Nr. 404

REGLUGERÐ

um brottfall hafnarreglugerða.

1. gr.

Eftirtaldar reglugerðir eru felldar brott:

1. Hafnarreglugerð fyrir Hellnahöfn, nr. 265/1950.
2. Hafnarreglugerð fyrir Krossavíkurhöfn í Neshreppi utan Ennis, nr. 161/1942 með breytingum nr. 117/1959 og 92/1961.
3. Hafnarreglugerð fyrir Skarðsstöð í Skarðshreppi, Dalasýslu, nr. 202/1962.
4. Reglugerð fyrir bátabryggju í Hjallanesi í Staðarfellslandi á Fellsströnd, nr. 263/1950.
5. Reglugerð um lendingarbótasvæðið Hvalsker við Patreksfjörð, nr. 60/1947.
6. Hafnarreglugerð fyrir Hjarðardalsverslunarstað í Önundarfirði, nr. 219/1941.
7. Hafnarreglugerð fyrir Kaldrananes við Bjarnarfjörð í Strandasýslu, nr. 96/1947.
8. Hafnarreglugerð fyrir Skálaveiðstöð, nr. 17/1930 með breytingu nr. 156/1942.
9. Hafnarreglugerð fyrir Dyrhólahöfn í Vestur-Skaftafellssýslu, nr. 407/1978.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt hafnalögum nr. 69/1984 og staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 10. september 1993.

Halldór Blöndal.

Ólafur S. Valdimarsson.
Steindórsprent Gutenberg hf.